

Ár 2013, fimmtudaginn 7. febrúar, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjaness, sem háð er að Fjarðargötu 9, Hafnarfirði, kveðinn upp í máli nr. S-776/2012:

Ákærvaldið

(Arnfríður Gígja Arngrímsdóttir ftr.)

gegn

Guðjóni Jónssyni

(Valtýr Sigurðsson hrl.)

svofelldur

d ó m u r :

Mál þetta, sem þingfest var 6. nóvember sl. og dómtekið 28. janúar 2013, var höfðað með ákæru sérstaks saksóknara, dagsettri 28. september 2012, á hendur Guðjóni Jónssyni, kt. 000000-0000, Glæsivöllum 4, Grindavík;

I.

„Fyrir fjárdrátt en til vara umboðssvik með því að hafa í starfi sem framkvæmdarstjóri og prókúruhafi einkahlutafélagsins A.S. Helgason, kt. 000000-0000, á tímabilinu mars 2009 til og með október 2010, misnotað aðstöðu sína og dregið sér fé samtals kr. 15.719.280, þegar hann í alls tuttugu skipti millifærði fé af bankareikningi félagsins A.S. Helgason ehf., nr. 0130-05-063504 hjá Landsbanka Íslands hf., inn á sinn persónulega reikning, nr. 0143-05-001796 hjá Landsbanka Íslands hf., og þannig ráðstafað peningunum í eigin þágu og málarekstur í Serbíu sem varðar lögaðila óskyldan A.S. Helgasyni ehf. Um er að ræða eftirtaldar færslur:

Dagsetning	Upphæð
6.3.2009	817.553 kr.
6.4.2009	526.644 kr.
6.5.2009	633.763 kr.
5.6.2009	786.802 kr.

6.7.2009	733.200 kr.
6.8.2009	809.000 kr.
4.9.2009	794.382 kr.
6.10.2009	667.036 kr.
6.11.2009	806.379 kr.
4.12.2009	826.000 kr.
6.1.2010	788.490 kr.
5.2.2010	837.867 kr.
5.3.2010	838.980 kr.
6.4.2010	841.881 kr.
6.5.2010	834.403 kr.
7.6.2010	838.731 kr.
6.7.2010	840.335 kr.
6.8.2010	828.866 kr.
6.9.2010	887.390 kr.
6.10.2010	781.578 kr.

II.

Fyrir fjárdrátt en til vara umboðssvik með því að hafa í starfi sem framkvæmdarstjóri og prókúruhafi einkahlutafélagsins A.S. Helgason, þann 28. ágúst 2009, misnotað aðstöðu sína og dregið sér bifreiðina NP-335, Jeep Grand Cherokee, þegar hann með kaupsamningi keypti bifreiðina af félaginu A.S. Helgason ehf., fyrir samtals kr. 1.530.000, án þess að hafa gert skil á umræddu kaupverði við félagið A.S. Helgason ehf. og þannig ráðstafað fjármununum í eigin þágu og málarekstur í Serbíu sem varðar lögaðila óskyldan A.S. Helgasyni ehf.

Telst háttsemi ákærða varða við 247. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, til vara 249. gr. sömu laga.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Af hálfu þrotabús A.S. Helgasonar ehf. er þess krafist að Guðjóni Jónssyni verði gert að greiða þb. A.S. Helgasonar ehf., kt. 000000-0000, 15.719.280 kr. með

vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 6. október 2010 til þess dags er mánuður er liðinn frá því að krafa þessi verður birt honum, en frá þeim degi með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga til greiðsludags, allt að frádreginni innborgun að fjárhæð 89.000 krónur hinn 23. júní 2009.-“

Ákærði kom fyrir dóminn við þingfestingu málsins og kvað þá háttsemi sem lýst er í ákærulið I rétta utan að hann kvaðst setja spurningu við að fénu hafi verið ráðstafað í eigin þágu. Varðandi ákærulið II viðurkennir ákærði að hafa keypt bifreiðina eins og segir í ákæruliðnum en samþykkti ekki að hafa ráðstafað fénu í eigin þágu. Ákærði samþykkir framkomna bótakröfu.

Aðalmeðferð fór fram 28. janúar sl. Krafdist ákærði sýknu en til vara vægustu refsingar sem lög leyfa.

Málsatvik.

Aðdragandi máls þessa er að þann 28. október 2010 var bú A.S. Helgasonar ehf., kt. 000000-0000, Bolholti 6, Reykjavík, tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur og var Arnar Þór Stefánsson hdl. skipaður skiptastjóri. Sendi skiptastjóri ríkislögreglustjóra tilkynningu, skv. 84. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti, um rökstuddan grun um auðgunarbrot ákærða. Samkvæmt gögnum málsins var eini eigandi hluta í A.S. Helgasyni ehf. GG fjárfesting ehf. Eigendur hluta í GG fjárfestingu ehf. voru ákærði með 90% hluta í félaginu og Anna María Reynisdóttir með 10% hluta í félaginu. Var ákærði skráður framkvæmdastjóri A.S. Helgasonar ehf. og einnig stjórnarmaður ásamt Önnu Maríu Reynisdóttur. A.S. Helgason ehf. átti eina fasteign, Stangarhyl 6 í Reykjavík, sem félagið leigði út til Optimar á Íslandi ehf. Námu mánaðarlegar leigugreiðslu 800-900.000 krónum á mánuði.

Í 16. gr. samþykktá fyrir A.S. Helgason ehf. segir að stjórn félagsins skuli skipuð einum aðalmanni og varamanni. Aðalmaður og varamaður skuldbindi félagið sameiginlega. Þá segir í 18. gr. að stjórn félagsins ráði framkvæmdastjóra og veiti honum prókúruumboð fyrir félagið. Framkvæmdastjóri hafi með höndum stjórn á daglegum rekstri félagsins og komi fram fyrir þess hönd í öllum málum sem varði venjulegan rekstur. Með tilkynningu til Fyrirtækjaskrár ríkisskattstjóra 12. september 2006 tilkynnti ákærði breytingu á framkvæmdastjórn félagsins þar sem hann var sjálfur skráður framkvæmdastjóri og prókúruhafi. Þá tilkynnti ákærði einnig breytingu á stjórn þann sama dag þannig að ákærði var varamaður í stjórn en Anna María Reynisdóttir, kt. 000000-0000, var formaður stjórnar. Á stjórnarfundum 28. ágúst 2009 var Hallur Jónas Gunnarsson kjörinn sem stjórnarmaður og ákærði sem varamaður. Ákærði var áfram framkvæmdastjóri með prókúru. Var skiptum lokið á búi A.S. Helgasonar ehf. þann 10. febrúar 2011 og félagið afskráð 17. febrúar 2011. Var einu eign búsins, fasteigninni að Stangarhyl 6, Reykjavík, ráðstafað til veðhafa. Lýstar kröfur í búið námu 128.150.832 krónum auk áfallinna vaxta og kostnaðar og greiddust alls 54.000.000 króna upp í veðkröfur. Ekkert fékkst greitt upp í almennar eða eftirstæðar kröfur.

Upplýst hefur verið í málinu að ákærði var einn hluthafi í SCS Holding ehf., kt. 000000-0000, ásamt fjórum öðrum aðilum. Gekkt ákærði, fyrir hönd A.S. Helgasonar ehf., í ábyrgð fyrir SCS Holding ehf., vegna yfirdráttarskuldar SCS

Holding ehf., á veltureikningi hjá Landsbankanum. Þau gögn sem staðfesta ofangreinda ábyrgðaryfirlýsingu í málinu eru afrit yfirlýsingar ákærða fyrir hönd A.S. Helgasonar ehf., frá 20. desember 2007, millifærslukvittun frá 7. febrúar 2008 og tilkynning til ábyrgðarmanns frá 9. nóvember 2009. Þá lýsti skiptastjóri A.S. Helgasonar ehf. kröfu í þrotabú SCS Holding ehf., þann 10. janúar 2011, vegna ofangreindrar ábyrgðar að höfuðstól 13.500.000 krónur auk vaxta, en bú SCS Holding ehf. var tekið til gjaldþrotaskipta 4. nóvember 2010.

Samkvæmt frásögn ákærða hjá skiptastjóra keypti SCS Holding ehf. 74,5% hlut í félaginu Tekig Invest í Serbíu. Hafi það félag átt 1.140 fm fasteign að Kralja Petra nr. 9 í Belgrad í Serbíu. Í fasteigninni hafi verið m.a. 99 ára samningur við ríkið varðandi 420 fm. hennar. Aðrir aðilar að þessari eign voru NLB LHB bank, Serbíu, ásamt fjórum öðrum aðilum. Kaupin hafi verið m.a. fjármögnuð gegnum íslenska aðila sem hafi lagt fé inn á reikning SCS Holding ehf., þann 31. desember 2007. Framkvæmdastjóri SCS Holding, Hallgrímur Bogason, hafi eytt þeim peningum í allt annað. Ákærði, sem var einn af eigendum SCS Holding, og aðrir eigendur hafi ekki komist að þessu strax. Í framhaldi hafi verið farið út í að vinna að endurfjármögnun á félaginu. Reynt hafi verið að bjarga málum og þau kynnt fyrir aðila sem var með fjármögnunarfélag. Þeirri vinnu hafi lokið í júní 2008. Hafi Hallgrímur Bogason útbúið gjafagerning í júní og júlí 2008 þannig að eignarhlutur SCS Holding ehf. í áðurnefndri byggingu hafi verið færður yfir til Novo Djonovic og félags í hans eigu, en Novo verið fenginn til að vera framkvæmdastjóri Tekig invest ásamt því að hann hafi verið í stjórn SCS Holding. Í september 2008 hafi ákærði og aðrir eigendur SCS Holding fyrst fengið veður af því að búið var að færa eignina yfir á þriðja aðila án þess þó að fá það staðfest en það hafi síðan verið staðfest í apríl 2009. Þá hafi barátta ákærða og annarra eigenda SCS Holding við að fá hlutina á hreint hafist. Botnlaus vinna hafi farið í að reyna að vinda ofan af þessu. A.S. Helgason ehf. hafi verið í ábyrgð fyrir yfirdráttarheimild sem SCS Holding ehf. hafi verið með hjá Landsbankanum, ásamt nokkrum eigendum SCS Holding ehf., persónulega. Bankinn hafi gengið að A.S. Helgasyni fyrir þeirri heimild sem sé upphafið að greiðsluferfiðleikum A.S. Helgasonar ehf. Kvað ákærði starfsemi félagsins A.S. Helgasonar ehf. hafa falist í rekstri fasteigna og hafi fasteign félagsins verið leigð út. Engir aðrir hafi komið að rekstri félagsins.

Í gögnum málsins liggur fyrir að 15.630.280 krónur voru millifærðar af reikningi A.S. Helgasonar ehf. yfir á einkareikning ákærða. Þá liggur fyrir skjal, samið af ákærða sjálfum, um millifærslur í gegnum Western Union að fjárhæð 6.836.752 krónur á tímabilinu 2. apríl 2009 til 15. nóvember 2010. Engin gögn eru í málinu sem staðfesta það. Hins vegar liggja fyrir afrit af millifærslum í gegnum Western Union á árunum 2009 og 2010 og má lesa skýringar þar á nokkrum greiðslum, „gjöf“. Þá má sjá sömu dagsetningar á nokkrum millifærslum og á skjali ákærða þótt fjárhæðir sjáist ekki á fylgiskjöllum. Einnig liggur fyrir skjal frá Landsbanka Íslands þar sem fram kemur að ákærði hafi millifært til Serbíu, á tímabilinu 16. október 2009 til 9. apríl 2010, samtals 1.999.272 krónur. Eru þar sömu dagsetningar að hluta og á skjali ákærða. Fær sú fjárhæð að mestu stoð í öðrum gögnum málsins.

Í gögnum málsins liggur fyrir bréf Tryggingastofnunar ríkisins, dagsett 25. ágúst 2009, þar sem samþykkt er að veita ákærða styrk til bifreiðakaupa að fjárhæð 1.200.000 krónur. Þá liggur fyrir afrit af kaupsamningi og afsali milli A.S. Helgasonar ehf. og ákærða þar sem ákærði kaupir bifreiðina NP-335, Jeep Grand

Cherokee, árgerð 2008, af AS. Er kaupverð sagt vera 1.580.000 krónur sem greiðist með 1.200.000 krónum frá TR og 380.000 krónum. Þá er handritað á samninginn að kaupandi skuldbindi sig til að ráðstafa kaupverðinu á NP-335 til kostnaðar vegna málaferla SCS Holding ehf. í Serbíu til tryggingar á endurgreiðslu skulda SCS Holding ehf. við A.S. Helgason ehf. Undir afsalið ritar ákærði sem kaupandi en Hallur Jónas Gunnarsson, fyrir hönd A.S. Helgasonar ehf., sem seljandi. Samkvæmt gögnum málsins var fjárhæðin frá TR, 1.200.000 krónur, lögð inn á bankareikning ákærða 3. september 2009. Ekkert var greitt af kaupverðinu inn á reikning A.S. Helgasonar ehf.

Skýrslur fyrir lögreglu og dómi.

Ákærði lýsti því svo hjá lögreglu að ástæða gjaldþrots A.S. Helgasonar ehf. (hér eftir nefnt AS), hafi verið ábyrgð félagsins að fjárhæð 13.000.000 króna sem Landsbanki Íslands var með vegna SCS Holding ehf. (hér eftir nefnt SCS). SCS hafi keypt fasteign í Serbíu sem átti að selja en það ekki gengið sökum þretta félaga þeirra. Í framhaldi hafi barátta fyrir því að fá eignina til baka hafist fyrir dómstólum og væri niðurstaða ekki enn komin í það mál. Hafi ákærði fundist það skylda sín að nota fé AS til að framfleyta sér og fjölskyldu sinni og borga lögmönnum í Serbíu, til að ná eigninni til baka, og kostnað í kring um allt málið. Hafi þeir peningar verið eyrnamerkir skattaskuld AS. Kvað ákærði að hann hafi verið eini aðilinn sem kom að rekstri AS, hann hafi verið framkvæmdastjóri og prókúruhafi. Aðrir hafi ekki komið að neinum gjörningum fyrir félagið. Kvaðst ákærði hafa talið að með ábyrgð sinni fyrir SCS hjá Landsbankanum hafi hann ekki verið að leggja félagið AS í neina fjárhagslega hættu. Aðspurður um heimild ákærða fyrir þeim millifærslum sem ákært er fyrir í ákærulið I, kvaðst hann hafa veitt sér sjálfur heimild til að millifæra fjármunina. Aðspurður kvað hann strangt til tekið að féð hafi verið eign AS en hann hafi sjálfur verið eigandi AS. Þá kvaðst ákærði hafa millifært fjármunina inn á bók sem var í persónulegri eigu hans í Landsbankanum og hann hefði einnig millifært á aðra reikninga í persónulegri eigu sinni. Skýrði ákærði út að hann hefði notað Western Union til að millifæra peninga til Serbíu og hann hefði einnig fengið aðra til að millifæra fyrir sig. Hann hafi tekið út peninga af sínum reikningi í þessum tilgangi því að það hafi verið hámark á þeim fjárhæðum sem hægt var að millifæra í einu í gegnum WU. Taldi ákærði að hann hafi greitt lögmanni sínum í Serbíu á sjöttu milljón króna vegna málarekstursins. Kvaðst ákærði hafa litið á féð, sem hann millifærði yfir á sig persónulega frá AS, sem lán, hann hafi verið að verja hagsmuni AS með því að fara í málaferlin úti í Serbíu. Enginn lánasamningur hafi verið gerður milli hans og AS. Aðspurður kvaðst ákærði hafa verið farinn að velta því fyrir sér á árinu 2010 hvort ekki væri komið nóg varðandi málaferlin í Serbíu. Aðspurður kvað ákærði strangt til tekið að AS hafi átt þá fjármuni sem hann millifærði yfir á sig en liti á sig og AS sem eitt þar sem hann ætti AS. Viðurkenndi ákærði að hafa farið út fyrir þau lög sem gilda varðandi fyrirtæki og rekstur þeirra, þannig að hann hefði kannski átt að greiða gjöld AS fyrst. Þá kvað hann þá ákvörðun að nota fé AS í málareksturinn hafa verið ranga og komið AS í gjaldþrot.

Ákærði lýsti aðdraganda gjaldþrots A.S. Holding ehf. með sama hætti fyrir dómi og hjá lögreglu. Kvað hann AS hafa gengist í ábyrgðir fyrir SCS, að fjárhæð þrettán milljónir króna, en Landsbankinn hafi gengið á ábyrgðina í ágúst 2008. Í framhaldi hafi hann þurft að fjármagna málaferlin úti í Serbíu og kostnað við að verja sig og þá sem hafi lagt þeim lið í þeim fjárfestingum. Þetta hafi verið eina

leiðin sem hann hafði til að leggja málinu lið, bæði vegna lögfræðikostnaðar og annars sem málarekstrinum fylgdi. Þeir, sem hafi staðið að málarekstrinum, hafi verið SCS, ákærði, Friðrik Atli Sigfússon og Hallur Jónas Gunnarsson. Kvaðst ákærði hafa talið sig hafa haft heimild til að millifæra umrædda fjármuni en hann hafi veitt sér þá heimild sjálfur. AS hafi átt þá fjármuni en félagið hafi líka átt þá fjármuni sem gengið var að. Eftir miklu hafi verið að slægjast í Serbíu því tilboð hafi legið á borðinu í janúar 2008 frá fjárfestum í Serbíu í fasteign þá sem þeir voru að kaupa upp á tólf milljónir evra, sem félagar ákærða, Hallgrímur og Daníel, hafi séð um að ekki hafi verið tekið. Hafi ákærði og fleiri verið í viðræðum við fjárfesti í desember 2007 vegna fjármögnunar á þeirri fasteign í Serbíu. A.S. Helgason ehf. hafi ekki átt hlut í SCS. Þá sé AS ekki aðili að þessu dómsmáli sem rekið er af hálfu SCS, í Serbíu. Kvað hann málareksturinn í Serbíu hafa kostað miklu miklu meira en þá fjármuni sem teknir voru út úr AS. Ákærði kvaðst hafa notað þessa fjármuni í lögfræðikostnað, ferðalög fram og til baka, uppihald, fæði og gistingu en menn hafi þurft að vera í Serbíu vikum saman í tengslum við málareksturinn. Ákærði kvað bankahrunið 2008 hafa haft mikil áhrif á skuldir AS. Afborganir lána hafi hækkað mikið. Félagið hafi fengið leigutekjur mánaðarlega sem bankinn hafi haft heimild til að skuldfæra af reikningi félagsins. Ákærða hafi verið ráðlagt að hætta að greiða af lánnum félagsins og til að bankinn gæti ekki skuldfært féð af reikningnum hafi ákærði millifært leigutekjurnar af reikningi AS yfir á sinn persónulega reikning. Því hafi hann tekið féð strax út af reikningnum til að bankinn gæti ekki skuldfært af reikningnum mánaðarlega.

Ákærði kvað konu sína Önnu Maríu hafa á tímabili verið skráða sem stjórnarmann auk þess að Hallur Jónas Gunnarsson hafi komið í stjórn félagsins þegar Annar María fór úr stjórninni. Ákærði kvaðst ekki hafa getað verið stjórnarformaður, framkvæmdastjóri og prókúruhafi í einu samkvæmt lögum. Því hafi kona hans og síðan Hallur verið munstruð sem formenn stjórnar. Ákærði hafi hins vegar séð alfarið um allan rekstur og ákvörðunartöku, þau hafi aldrei komið að neinu varðandi félagið, nema formsins vegna. Kvað hann það fé sem hann millifærði af reikningum félagsins yfir á sinn reikning hafa verið lán til hans frá AS. Það hafi hins vegar ekki verið gerður neinn lánasamningur né fært í bókhald félagsins.

Ákærði lýsti ástæðum bifreiðakaupanna svo að hann hafi verið kominn upp við vegg fjárhagslega vegna málarekstursins í Serbíu. Ákærði hafi átt rétt á styrk til bifreiðakaupa sem hann hafi nýtt sér. Ákærði kvaðst hafa haft samband við nokkrar bílasölur til að fá verð á bifreiðina. Hann hafi farið millivegin á uppgefnu verði. Greiðsla hafi komið frá Tryggingastofnun ríkisins, 1.200.000 krónur. Réttast hefði verið að færa það inn á reikning AS og síðan fá það lánað hjá félaginu. Ákærði hafi því sett skilyrði í kaupsamninginn til að tryggja að þeir fjármunir gengu aftur til AS. Ákærði kvaðst hafa samið samninginn sjálfur auk skilmálanna.

Ákærði kvað aðra sem stóðu í málarekstrinum í Serbíu ekki hafa haft mikla fjármuni til að leggja í málareksturinn. Ákærði hafi því dregið vagninn og verið sá eini sem hafi getað lagt eitthvert fé til málsins. Heiðursmannasamkomulag hafi verið gert við skiptastjóra SCS Holding ehf., að allur málskostnaður yrði greiddur fyrst þegar málið ynnist í Serbíu. Taldi ákærði að ef málið ynnist í Serbíu þá myndu þeir sem hafi lagt fé til málsins fá sín framlög greidd.

Arnar Þór Stefánsson, héraðsdómslögmaður og skipaður skiptastjóri A.S. Holding ehf., gaf skýrslu sem vitni fyrir dómnum. Kvaðst hann hafa tekið skýrslu af ákærða og innt hann eftir skýringum á fjármunum félagsins. Kvað hann ákærða hafa lýst atvikum á sama hátt og ákærði hafi gert fyrir dómnum en ákærði hafi ekki nefnt það við skýrslutöku að millifærslurnar hafi verið lán félagsins til ákærða. Ákærði hafi gefið þær skýringar að fjármunirnir hafi runnið til málareksturs í Serbíu. Kvað hann veðkröfum hafa verið lýst í búið auk samningskrafna. Hafi þar komið í ljós að félagið greiddi aldrei af veðskuldum og því hafi vanskil hrannast upp auk skulda við Tollstjóra. Því hafi vitnið sem skiptastjóri tilkynnt lögreglu um grun um fjárdrátt. Þá staðfesti vitnið að fjármunir vegna sölu bifreiðarinnar hafi ekki skilað sér inn á reikninga félagsins. Ekkert af ofangreindu fé hafi skilað sér til þrotabúsins. Þá hafi ákærði ekki afhent skiptastjóra bókhald félagsins. Kvað vitnið Tollstjóra hafa farið fram á gjaldþrotaskipti A.S. Helgasonar ehf. vegna vanskila á opinberum gjöldum.

Anna María Reynisdóttir, eiginkona ákærða, kom fyrir dómnum og kvaðst hafa verið í stjórn AS. Hún hafi verið í stjórn félagsins eingöngu formsins vegna. Kvaðst hún ekkert hafa vitað um millifærslur þær sem ákært er fyrir né um sölu á bifreiðinni. Ákærði hafi ekkert rætt um málið við hana. Í eitt sinn hafi hún heyrt um málareksturinn í Serbíu.

Hallur Jónas Gunnarsson kom fyrir dómnum og kvaðst ekki hafa vitað til þess að hann hafi verið skráður í stjórn AS frá ágúst 2009. Hann hafi ekki komið að rekstri félagsins né verið kallaður á fundi félagsins. Hann hafi vitað að ákærði hafi verið skráður eigandi en hann hafi skrifað undir pappíra fyrir ákærða, formsins vegna. Hann hafi ekki verið í stjórn félagsins. Kvaðst hann vera vinur ákærða. Hann hafi ekki átt neitt í félaginu. Þá hafi hann ekkert vitað um millifærslurnar fyrr en hann sá þær hjá lögreglu. Ákærði hafi aldrei rætt það við hann. Hallur kvaðst hafa skrifað undir kaupsamning vegna sölu á bifreiðinni fyrir ákærða þar sem ákærði hafi ætlað að nota þann pening í Serbíudæmið. Ákærði hafi hins vegar ekkert rætt þessi mál við sig. Hallur kvaðst hafa verið einn af eigendum SCS og hafa lagt einhverjar milljónir í það mál.

Friðrik Atli Sigfússon kom fyrir dómnum og skýrði fasteignaviðskipti SCS í Serbíu. Er ekki ástæða til að reifa þann framburð frekar hér en hann er í samræmi við frásögn ákærða.

Forsendur og niðurstöður.

Ákærði krafðist aðallega sýknu af öllum kröfum ákæruvaldsins en til vara vægustu refsingar er lög leyfa. Ákærði byggði sýknukröfu sína á því að hann hafi aldrei falið gjörning sinn, hann hafi ekki dregið sér umrædda fjármuni heldur fengið þá að láni hjá A.S. Helgasyni ehf., fyrirtæki sem hann hafi átt að fullu. Hann hafi því haft heimildir til að ráðstafa umræddum fjármunum og hafi það ekki verið saknæmt.

Í 16. gr. samþykkt A.S. Helgasonar ehf. kemur fram að aðalmaður og varamaður skuldbindi félagið sameiginlega. Þá segir að stjórn félagsins stýri öllum málefnum félagsins milli hluthafafunda og gæti hagsmuna þess gagnvart þriðja manni. Samkvæmt upplýsingum með ársreikningi A.S. Helgasonar ehf. árið 2008 kemur fram að GG fjárfesting ehf., kt. 000000-0000, er 100% eigandi hluta í

félaginu. Með ársreikningi GG fjárfestingar ehf. árið 2008 kemur fram að Guðjón Jónsson er eigandi 90% hluta og Anna María Reynisdóttir eigandi 10% hluta. Er því rangt með farið af hálfu ákærða að hann sé einn eigandi A.S. Helgasonar ehf.

Ákærði upplýsti fyrir dómi að hann hafi ákveðið að hætta að greiða af lánum sem A.S. Helgasyni ehf. bar að greiða af á árinu 2008 en öll lán hafi tekið stökkbreytingum til hækkunar í efnahagshruninu. Hann hafi því fært leigutekjur sem félagið hafði til ráðstöfunar mánaðarlega yfir á sinn persónulega reikning til að tryggja að Landsbanki Íslands gæti ekki skuldfært féð af reikningi félagsins til greiðslu afborgana á þeim lánum. Óumdeilt er að þeir fjármunir sem ákært er fyrir runnu á bankareikning í eigu ákærða persónulega. Ákærði var á sama tíma í fjárfestingum í Serbíu í gegnum einkahlutafélagið SCS Holding ehf., sem hann kvaðst hafa átt hluti í persónulega. A.S. Helgason ehf. átti hins vega ekki hluti í því félagi og var ekki aðili að málarekstri þeim sem ákærði var í ásamt fleiri aðilum. Er því ljóst að millifærslur ofangreindra fjármuna yfir á persónulegan reikning ákærða voru í ávinningsskyni fyrir ákærða en hann kvað fyrir dóminum mikinn ávinning hafa verið í sjónmáli með fasteignakaupum í Serbíu. Hvernig sem þeim málarekstri lýkur verður það SCS Holding ehf., og þá ákærði persónulega, sem kemur til með að hafa hagnað af þeim niðurstöðum verði þær jákvæðar fyrir þá sem að þeim koma. A.S. Helgason ehf. á þar enga lögvarða kröfu né hagsmuna að gæta. Þá liggur fyrir í gögnum málsins að stór hluti af því fé sem ákærði millifærði yfir á sinn reikning fór í persónulega neyslu fyrir hann en hluti þess í málareksturinn í Serbíu. Ekkert liggur fyrir í gögnum málsins um að stjórn félagsins A.S. Helgasonar ehf. hafi komið að meintum lánveitingum, eins og 16. gr. samþykktu félagsins kveða á um, en þær fjárhæðir sem ákærði millifærði verða að teljast meiri háttar fyrir félagið þar sem háttsemi ákærða varð til þess að félagið var úrskurðað gjaldþrota. Mátti ákærða vera ljóst að háttsemi hans var bæði gegn samþykktum félagsins og stofnaði félaginu í fjárhagslega hættu eins og kom á daginn.

Í 247. gr. almennra hegningarlaga segir að dragi maður sér fjármuni eða önnur verðmæti, sem hann hefur í vörslum sínum, en annar maður er eigandi að, án þess þó að verknaðurinn varði við 246. gr., þá skuli hann sæta fangelsi allt að sex árum. Ákærði var einn með prókúru á reikninga félagsins, hann var framkvæmdarstjóri og sat í stjórn félagsins. Hann hafði fullan aðgang að fjármunum félagsins. Ákærði fékk ekki samþykki annarra stjórnarmanna fyrir yfirfærslu fjármunanna né upplýsti þá um þá háttsemi. Þó svo að engin leynd hafi hvílt yfir háttsemi ákærða, þá var heldur enginn sem hafði aðgang að upplýsingum, né gat fylgst með því sem ákærði aðhafðist. Einkahlutafélag er sjálfstæður lögaðili með lögbundna stjórn og um slík félög gilda lög nr. 138/1994 með síðari breytingum. Ber stjórn einkahlutafélags að fara að þeim lögum, sem lögaðila, varðandi réttindi, skyldur og skuldbindingar. Geta stjórnarmenn bakað sér refsíabyrgð fari þeir ekki að lögum um meðferð fjármuna slíkra félaga. Það hefur ákærði gert. Telur dómurinn sannað, með framburði ákærða sjálfs, framburði vitna og gögnum málsins, að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi sem lýst er í ákærulið I í ákæru og bakað sér refsíabyrgð með háttsemi sinni. Verður ákærða gerð refsing fyrir.

Þá hefur ákærði jatað meðferð á söluandvirði bifreiðarinnar NP335, sem var í eigu A.S. Helgasonar ehf., samkvæmt ákærulið II, en telur þá háttsemi ekki refsiverða, þar sem hann hafi ætlað að greiða það fé til baka. Fyrir liggur að söluandvirði bifreiðarinnar skilaði sér aldrei til A.S. Helgasonar ehf. heldur var féð,

sem til kaupanna var ætlað, lagt inn á persónulegan reikning ákærða, sem síðan ráðstafaði þeirri fjárhæð í eigin þágu. Telur dómurinn, með sömu rökum og að ofan greinir, þá háttsemi ákærða refsiverða og réttilega heimfærða til 247. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Verður ákærða gerð refsing fyrir þá háttsemi.

Með hliðsjón af broti ákærða, sem verður að ætla að sé stórfellt þar sem það varð til þess að félagið A.S. Helgason ehf. var úrskurðað gjaldþrota í kjölfarið, og því að einbeittur ásetningur ákærða lá að baki, en ákærði hafi mikla hagnaðarvon gengju áætlanir hans eftir, er refsing ákærða ákveðin fangelsi í átta mánuði. Með vísan til þess að ákærði hefur játað háttsemi sína greiðlega fyrir lögreglu og dómnum og þess að ákærða hefur ekki áður verið gerð refsing, þykir rétt að skilorðsbinda sex mánuði refsingarinnar og skal hún niður falla að liðnum þremur árum haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði samþykkti bótakröfuna eins og hún er í ákæru. Ekki verður annað séð af gögnum málsins en að ákærða hafi fyrst verið birt bótakrafan við birtingu fyrirkalls þann 15. október 2012. Verður ákærði því dæmdur til að greiða bótakröfuna eins og segir í dómsorði.

Ákærði greiði allan sakarkostnað sem eru málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans, Valtýs Sigurðssonar hrl., sem eru hæfilega ákveðin 300.000 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti.

Ástríður Grímsdóttir héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

D ó m s o r ð :

Ákærði, Guðjón Jónsson, skal sæta fangelsi í átta mánuði en fresta skal fullnustu sex mánaða refsingarinnar og skal hún niður falla að liðnum þremur árum, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærði greiði sakarkostnað, sem eru málsvarnarlaun verjanda hans, Valtýs Sigurðssonar hrl., 300.000 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti.

Ákærði greiði þrotabúi A.S. Helgasonar ehf., kt. 000000-0000, 15.719.280 krónur ásamt vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 6. október 2010 til 15. nóvember 2012, en frá þeim degi með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga til greiðsludags, allt að frádreginni innborgun að fjárhæð 89.000 krónur þann 23. júní 2009.

Ástríður Grímsdóttir

Rétt endurrit staðfestir

Héraðsdómur Reykjaness 7.2. 2013.